



Fjallabyggð



Deiliskipulag athafna- og hafnarsvæðis í Ólafsfirði

-Tillaga-



Greinargerð og umhverfisskýrsla

25.6.2021

Efnisyfirlit

1	YFIRLIT	3
1.1	MARKMIÐ	3
1.2	SKIPULAGSSVÆÐI	3
1.3	MEGINDRÆTTIR SKIPULAGSTILLÖGUNNAR	4
1.3.1	Helstu viðfangsefni deiliskipulagsins	4
1.3.2	Skipulagsgögn	5
1.3.3	Gerð skipulagsins	5
1.4	HELSTU FORSENDUR	5
1.4.1	Ákvæði í Aðalskipulagi Fjallabyggðar 2008-2028	5
1.4.2	Hús á svæðinu	5
2	SKIPULAGSÁKVÆÐI	5
2.1	BREYTINGAR Á NÚVERANDI BYGGÐ	6
2.2	LÓÐIR	6
2.2.1	Almennt	6
2.2.2	Nýjar byggingarlóðir	6
2.2.3	Breytingar á lóðamörkum	6
2.3	SKILMÁLAR	7
2.3.1	Almennir skilmálar	7
2.3.2	Samantekt yfir lóðir á skipulagssvæðinu	7
2.3.3	Sérstakir skilmálar	7
2.3.4	Kvaðir	7
2.4	UMFERÐ OG BÍLASTÆÐI	8
3	Mannvirki og menningarminjar	9
3.1	Mannvirki	9
3.2	Fornleifaskráning	9
4	Umhverfisskýrsla – áhrifamat	10
5	KYNNING OG SAMÞYKKT	10
5.1	KYNNING OG AFGREIÐSLA	10
5.1.1	Verkefnislýsing	10
5.1.2	Kynningarfundir	10
5.1.3	Umsagnaraðilar	10
5.1.4	Auglýsing, athugasemdir og afgreiðsla	11
5.1.5	Breytingar eftir auglýsingu	11
5.2	Gildistaka	11



Mynd 1.1 Yfirlitsmynd yfir núverandi staðhætti á skipulagssvæðinu, ásamt afmörkun skipulagssvæðisins.

1 YFIRLIT

Á fundi hafnarstjórnar Fjallabyggðar þann 31. ágúst 2020 var farið yfir stöðu skipulagsmála á höfnum sveitarfélagsins og þörf á framtíðarstefnumótun svæðanna. Samþykkt var að vinna deiliskipulag á hafnarsvæðinu í Ólafsfirði. Bókað var að deiliskipulagsvinnan skyldi taka mið af núverandi starfsemi hafnarinnar sem og þróunarmöguleikum í takt við breytta tíma. Samráð skal haft við hafnarstjórn Fjallabyggðar í framtíðarþróun svæðisins.

Deiliskipulagstillagan er unnin á grundvelli aðalskipulags Fjallabyggðar 2020-2032.

1.1 MARKMIÐ


Stefnt er að lóðum undir athafnasvæði á hafnarsvæðinu í Ólafsfirði. Í deiliskipulaginu eru sett ákvæði um lóðir, lóðanotkun, byggingarreiti, byggðamynstur, þ.m.t. nýtingarhlutfall, útlit mannvirkja og form eftir því sem við á, sem þurfa að liggja fyrir vegna byggingar- og framkvæmdaleyfa á skipulagssvæðinu.

1.2 SKIPULAGSSVÆÐI

Skipulagssvæðið tekur til Ólafsfjarðarhafnar og athafnasvæðum henni tengdri. Svæðið er um 11 ha að stærð og afmarkast af gámasvæði við Vesturstíg til vesturs, bryggjukanti og varnargörðum til norðurs, Námuvegi til austurs, Múlavegi, Strandgötu og Ægisgötu til suðurs.

Á skipulagssvæðinu eru aðallega tveir landnotkunarflokkar samkvæmt aðalskipulagi þ.e. athafnasvæði og hafnarsvæði. Ein lóð er á skilgreindu miðsvæði, verslunin Kjörbúðin.

Innan skipulagssvæðisins er hluti af Horninu svokölluðu, eða því svæði þar sem þéttbýlismyndun byrjaði í Ólafsfirði rétt eftir aldamótin 1900. Fyrstu þurrabúðirnar voru reistar í Horninu árið 1883 og óx það hratt að árið 1905 varð Ólafsfjörður löggiltur verslunarstaður. Steinbryggja var gerð í Horninu árið 1922 og árið 1945 fékk Ólafsfjörður kaupstaðarréttindi. Þrátt fyrir að ekki hafi varðveist mikið af minjum um upphaf byggðar í Horninu verður að segjast að miðhluti hafnarsvæðisins sé mjög mikilvægur hluti af sögu Ólafsfjarðar því að þéttbýlismyndunin á sitt upphaf til þurrabúðanna í Horninu og þeirri útgerð og verslunarumsvifum sem því fylgdu.



Mynd 1.2 Þéttbýlisuppdráttur af Ólafsfirði í Aðalskipulagi Fjallabyggðar 2020-2032

1.3 MEGINDRÆTTIR SKIPULAGSTILLÖGUNNAR

1.3.1 Helstu viðfangsefni deiliskipulagsins

Hafnarstjórn Fjallabyggðarhafna lagði áherslu á eftirtalin atriði við vinnslu deiliskipulagsins:

- Skilgreina lóðir fyrir mismunandi starfsemi og þarfir.
- Bæta hafnaraðstöðu með sérstöðu svæðisins í huga.
- Bæta öryggi þeirra sem fara um hafnarsvæðin.
- Skilgreina helstu umferðarleiðir akandi og fótgangandi.
- Bæta umhverfi og ásýnd hafnarsvæðisins.
- Efla sérkenni svæðisins.

Á skipulagssvæðinu verða alls 54 lóðir. Þar af eru 12 nýjar lóðir undir nýbyggingar og fjórar lóðir undir gáma. Í deiliskipulagstillögunni eru lóðamörk yfirfarin, þeim breytt þar sem ástæða er til og nýjar lóðir skilgreindar. Gatnakerfi verður lítið breytt en nýjar gönguleiðir og tengingar skilgreindar.

1.3.2 Skipulagsgögn

Skipulagsgögn eru greinargerð þessi með byggingar- og skipulagsskilmálum, ásamt skipulagsupprætti í mkv. 1:2000 á A2.

1.3.3 Gerð skipulagsins

Deiliskipulagið er unnið af þeim Írisi Stefánsdóttur og Helgu Írisi Ingólfssdóttur, skipulags- og tæknifulltrúum hjá Fjallabyggð. Hafist var handa við gerð deiliskipulags í janúar 2021.

1.4 HELSTU FORSENDUR

1.4.1 Ákvæði í Aðalskipulagi Fjallabyggðar 2008-2028.

Skipulagssvæðið samanstendur af athafnastarfsemi auk hafnarsvæðis í aðalskipulagi. Ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir svæðið.

1.4.2 Hús á svæðinu

Húsin eru flest byggð á árunum 1950 til 1975 sem annað hvort atvinnuhúsnæði eða undir verslun og þjónustu. Eitt íbúðarhús er innan svæðisins; Múlavegur 1. Það er elsta húsið á skipulagssvæðinu, byggt árið 1930. Húsin sem standa við Pálsbergsgötu 1-5 eru líklega eitt af megineinkennum hafnarsvæðisins í Ólafsfirði en húsin eru stórt sambyggt atvinnuhúsnæði á þremur hæðum með áberandi húsgöflum sem snúa til norðurs og suðurs.



Mynd 1.3 Húsaröð við Pálsbergsgötu 1-5

2 SKIPULAGSÁKVÆÐI

Skipulagsákvæði og skilmálar eru tilgreindir hér og á meðfylgjandi skipulagsupprætti.

Um byggingar á lóðum deiliskipulagsins gilda öll ákvæði laga og reglugerða sem við eiga s.s. skipulags- og mannvirkjalög, byggingar- og skipulagsreglugerðir og íslenskir staðlar.

Deiliskipulagið mun fela í sér bindandi ákvarðanir og ákvæði fyrir lóðarhafa, húseigendur, rekstraraðila og sveitarfélagið um framtíðarnotkun þeirra svæða og lóða sem eru innan skipulagssvæðisins.

Halda má áfram núverandi samþykktri og löglegri notkun eignar eins og hingað til. Deiliskipulagið felur ekki í sér framkvæmdaskyldu. Með frávik frá ákvæðum deiliskipulagsins og breytingar skal farið samkvæmt 43. grein skipulagslaga nr. 123/2010. Byggingarfulltrúi veitir framkvæmda- og byggingarleyfi á grundvelli skipulagsins og fylgist með að framkvæmdir, nýbyggingar og breytingar á eldri húsum séu í samræmi við ákvæði þess.

2.1 BREYTINGAR Á NÚVERANDI BYGGÐ

Skipulagstillagan felur ekki í sér miklar breytingar á núverandi byggð. Ekki er gert ráð fyrir því að neitt af núverandi húsum á svæðinu víki. Skipulagðar eru nýjar lóðir innan núverandi byggðar þar sem gert er ráð fyrir að form húsa taki mið af núverandi byggð að mestu leiti. Um nýjar lóðir gilda sérstakir skilmálar.

2.2 LÓÐIR

2.2.1 Almenn

Á skipulagssvæðinu eru í dag 36 hús á 39 lóðum. Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir 55 lóðum.

2.2.2 Nýjar byggingarlóðir

Auk lóða undir núverandi byggingar er gert ráð fyrir 15 nýjum lóðum undir nýbyggingar og 2 lóðum undir gáma.

- Tvær lóðir undir gámasvæði við Árstíg og Vesturstíg.
- Þrjár athafnalóðir við Litlastíg.
- Tvær lóðir fyrir verbúðir eða aðra starfsemi við Sjávangötu 1 og 7
- Lóðir undir mastur og rafstöð við Sjávangötu 3 og 5 (Sjávangata 5 er í dag skráð sem Vesturgata 16)
- Viðskipta- og þjónustulóð við hafnarkantinn í Horninu við Sjávangötu 2.
- Tvær athafnalóðir við Strandgötu 16 og 18
- Tvær athafnalóðir við Múlaveg 9 og 11
- Ein athafnalóð við Námuveg 4
- Viðskipta- og þjónustulóð á Norðurgarði/bryggju
- Ein viðskipta- og þjónustulóð við Múlaveg 1b

2.2.3 Breytingar á lóðarmörkum

Sökum þess að ekki eru til lóðarleigusamningar fyrir allar lóðir á svæðinu eru lóðarmörk í einhverjum tilfellum óviss. Í deiliskipulagstillögunni eru dregnar lóðarlínur utan um öll hús og samkvæmt núverandi nýtingu lóðar. Í framhaldinu verða gerðir lóðarleigusamningar þar sem þá vantar. Lagðar eru til breytingar á lóðarmörkum á nokkrum lóðum vegna aðlögunnar að aðliggjandi lóðum eða vegna þess að raunnotkun lóðar nær út fyrir lóðarmörk skv. þinglýstum lóðarleigusamning.

Eftirfarandi lóðir eru stækkaðar vegna aðlögunar að aðliggjandi lóðum eða raunnotkunar:

- Aðalagata 2 (stækkun til norðurs)
- Pálsbergsgata 1 (stækkun til vesturs)
- Námuvegur 8 (stækkun til samræmis við lóðir í kring)
- Múlavegur 3a (stækkun til suðurs, sameinast lóðinni Múlavegi 1a)

2.3 SKILMÁLAR

2.3.1 Almennir skilmálar

Skilmálar þessir taka til skilgreinds deiliskipulagssvæðis. Annars vegar er um að ræða þá byggð sem fyrir er og hins vegar nýbyggingar á nýjum lóðum. Þar sem ekki er annars getið gilda almennir byggingarskilmálar fyrir lóðir sem Fjallabyggð úthlutar.

Á deiliskipulagsupprætti er gefin upp lóðastærð ásamt hámarksgólfplatarmáli aðalhæðar innan nýrra lóða. Ekki eru gefnar upp hámarks vegg- eða mænishæðir á skipulagsupprætti, nema á nýjum lóðum. Vegg- og mænishæðir viðbygginga skulu ekki fara upp fyrir vegg- eða mænishæðir núverandi bygginga innan sömu lóðar.

BYGGINGARREITIR

Byggingarreitir eru skilgreindir á deiliskipulagsupprætti og málsettir á lóðablaði. Hús skulu standa innan byggingarreits.

Bil á milli bygginga má ekki vera minna en segir til um í kafla 9.7 (grein 9.7.5) í byggingarreglugerð nr. 112/2012, þar sem miðað er við mismunandi brunamótstöðu útveggja, þótt byggingarreitir standi þétt og nálægt lóðamörkum á nokkrum stöðum innan skipulagssvæðisins.

AÐALTEIKNINGAR

Aðalteikningar (byggingarnefndarteikningar) skulu vera í samræmi við meginmarkmið deiliskipulagsins, skilmála þess, hæðar- og lóðablöð svo og byggingarreglugerð og önnur lög og reglugerðir sem við eiga. Leggja skal inn til samþykktar byggingarfulltrúa, heildarupprætti af öllum fyrirhuguðum mannvirkjum á viðkomandi lóð. Hafnarstjórn og/eða skipulags- og umhverfisnefnd munu fjalla um allar byggingarleyfisumsóknir á skipulagssvæðinu.

2.3.2 Samantekt yfir lóðir á skipulagssvæðinu

Í töflunni hér að neðan er samantekt yfir lóðir á skipulagssvæðinu. Þar koma fram stærðir, lóðarheiti, lóðarstærð, nýtingarhlutfall og sérskilmálar. Almennir skilmálar eru tilgreindir í kafla 2.3.1

2.3.3 Sérstakir skilmálar

Á nýrri lóð á bryggjunni við Norðurgarð er einungis gert ráð fyrir færanlegum húsum, gámahúsum eða léttum einingum sem rúmast innan byggingarreits. Heimilt er einnig að setja upp léttu skjólveggi eða gróðurkassa til rýmis og skjólmyndunar. Lóðin er viðskipta- og þjónustulóð og hugsuð fyrir ferðaþjónustu af einhverju tagi.

Á tveimur nýjum lóðum við Sjávangötu 1 og 7, svokölluðum verbúðarlóðum, eru skilgreindir byggingarreitir fyrir tvær aflangar húsbyggingar sem ættu að henta til ýmissa nota eða starfsemi. Lóðirnar eru á athafnasvæði en gefin er heimild til þess að þær nýtist sem viðskipta- og þjónustulóðir ef svo ber undir. Byggingarreitir eru staðsettir aftarlega á lóðunum svo rými sé fyrir uppsetur báta, bílastæði eða annað framan við húsinn. Aðkoma er frá Sjávangötu.

Nýjar lóðir við Strandgötu 16 og 18 eru á athafnasvæði skv. aðalskipulagi og er lögð áhersla á hreinlega starfsemi sem ekki hefur í för með sér ónæði af völdum hávaða eða mengunar þar sem í götunni er einnig íbúðarsvæði.

2.3.4 Kvaðir

Við Vesturstíg og Árstíg er gert ráð fyrir tveimur lóðum undir gáma. Eigendum gámanna er skilt að mála gámna sína í grænum lit nr. Xxxxx svo gámbyggðin falli betur inn í umhverfið. Hámarks bil á milli

gáma eru 80 cm. Gámar þurfa að liggja með opnun í austur við Vesturstíg og vestur við Árstíg (liggja austur/vestur).

Á lóðunum við Strandgötu 16 og 18 og á lóðinni við Námuveg 4 eru bindandi byggingalínur hlutar af skipulögðum byggingarreit.

2.4 UMFERÐ OG BÍLASTÆÐI

Þjóðvegur 81, sem liggur í gegn um Ólafsfjörð, liggur samsíða vesturmörkum skipulagssvæðisins. Þrjár tengingar eru inn á þjóðveginn til vesturs; ein nyrst um Námuveg, önnur frá Norðurgarði og sú þriðja norðan við Kjörbúðina. Önnur mikilvæg tenging inn á svæðið úr suðri er um Ægisgötu. Allar þessar tengingar inn á svæðið mynda nokkuð stór gatnamót. Önnur helstu gatnamót innan skipulagssvæðisins eru gatnamót Námuvegs og Norðurgarðs og þar sem innkeyrslan að búðinni mætir mótum Sjávargötu og Námuvegs.

Engar nýjar vegtengingar eru fyrirhugaðar á svæðinu en legu Sjávarbrautar er hnikað til að hluta þannig að hún færist aðeins sunnar.

Í vinnslu er deiliskipulag fyrir þjóðvegi í þéttbýlum Fjallabyggðar sem er samtarf Fjallabyggðar og Vegagerðarinnar. Deiliskipulag þjóðveganna liggur samsíða deiliskipulagsmörkum meðfram Múlavegi og Aðalgötu og er gerður fyrirvari á drögum þessum, t.d. ef breytingar verða á vegtengingum.

GATNAKERFI

Hámarksuferðarhraði á skipulagssvæðinu verður 30 km/klst.

Frágangur gatnakerfis og bílastæða skal vera samkvæmt verklagsreglum og hönnunarviðmiði Fjallabyggðar til samræmis við frágang annars staðar í sveitarfélaginu.

STÍGAKERFI

Gert er ráð fyrir nýjum göngustíg meðfram strandlengjunni allt frá smábátahöfninni vestast við Sjávargötu austur með öllu hafnarsvæðinu, yfir norðurgarð og norður meðfram sjóvarnargarði við Námuveg. Einnig er gert ráð fyrir göngustíg frá miðju hafnarsvæðinu og upp í miðbæ meðfram Pálsbergsgötu og upp á milli Strandgötu 2 og 4.

ÁNINGARSTAÐIR OG DVALARSVÆÐI

Samhliða nýju stígakerfi er gert ráð fyrir tveimur nýjum áningarstöðum á hafnarsvæðinu. Annar er yst á litla grjótgarðinum í smábátahöfninni. Þaðan er gott útsýni og því er gert ráð fyrir að þarna verði sett upp útsýnisskífa þar sem merktar eru inn helstu örnefni og kennileiti sem sjást frá hafnarsvæðinu. Hinn áningarstaðurinn er á bryggjusporðinum vestast á Norðurgarði. Þar er mjög góð veiði af bryggjunni og því er gert ráð fyrir svæði þar sem bætir aðstöðu til dorgveiða. Gert er ráð fyrir bryggjukanti sem hentar til veiðanna, bekkjum til að hvíla sig á og geymslustað fyrir björgunarvesti.

Fyrir miðju hafnarsvæðinu, norðan Sjávargötu, er gert ráð fyrir dvalarsvæði. Svæðið er miðsvæðis og tengir saman stíginn eftir hafnarsvæðinu og stíginn upp í miðbæinn. Þetta svæði er mikilvægt í sögu og þróum Ólafsfjarðar sem þéttbýlisstaðar og því við hæfi að þarna séu söguskilti þar sem stiklað er á stóru í sögu bæjarins. Gert er ráð fyrir bekkjum og borðum auk gróðurs til þess að gera svæðið eftirsóknarvert. Svæðið er kallað Hornið.

3 Mannvirki og menningarminjar

Engar skráðar menningar- og náttúruminjar eru á svæðinu. Finnist fornleifar sem áður voru ókunnar við framkvæmdir skal stöðva framkvæmdir skv. 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr.80/2012.

3.1 Mannvirki

Eftirfarandi mannvirki eru á skipulagssvæðinu:

Heimilisfang	Byggingarár	Notkun	Hönnuður
Aðalgata 2	1962 og 1947	Verslun og vörugeymsla	Óþekktur
Austurhöfn	1990	Vörugeymsla	Óþekktur
Austurstígur 1	1970	Iðnaðarhús	Óþekktur
Austurstígur 3	1985	Trésmíðaverkstæði	Óþekktur
Austurstígur 5a	1950	Geymsla	Óþekktur
Austurstígur 5b	1950	Geymsla	Óþekktur
Austurstígur 7	1984	Iðnaðarhús	Óþekktur
Múlavegur 1	1930	Íbúðarhús	Óþekktur
Múlavegur 3a	1946 og 1954	Fiskverkun, spennistöð og geymsla	Óþekktur
Múlavegur 3b	1974	Vélsmiðja og geymsla	Óþekktur
Múlavegur 7	1961 og 1974	Iðnaðarhús	Óþekktur
Múlavegur 13	1962	Bílaverkstæði	Óþekktur
Námuvegur 2	1951	Björgunarsveitin o.fl.	Óþekktur
Námuvegur 3	1979	Dæluhús	Óþekktur
Námuvegur 6	1968	Geymsla og iðnaður	Óþekktur
Námuvegur 8	1980	Skiltagerð	Óþekktur
Námuvegur 12	1976	Iðnaðarhús	Óþekktur
Pálsbergsgata 1	1960	Útgerð	Óþekktur
Pálsbergsgata 3	1959 og 1973	Útgerð	Óþekktur
Pálsbergsgata 5	1956 og 1973	Útgerð	Óþekktur
Pálsbergsgata 5b	1954	Vörugeymsla	Óþekktur
Strandgata 20	1951	Iðnaðarhús	Óþekktur
Strandgata 22	1977	Iðnaðarhús	Óþekktur
Vesturstígur 1	1964	Geymsla	Óþekktur
Vesturstígur 3	1972	Iðnaðarhús	Óþekktur
Vesturstígur 5	1972	Iðnaðarhús	Óþekktur
Vesturstígur 7	1977	Iðnaðarhús	Óþekktur
Vesturstígur 9	1981	Vélageymsla	Óþekktur
Vesturstígur 11	1981	Trésmíðaverkstæði	Óþekktur
Ægisgata 2	1961	Geymslur	Óþekktur
Ægisgata 2a	1960	Geymsla	Óþekktur
Ægisgata 2b	1951	Geymslur	Óþekktur

3.2 Fornleifaskráning

Fylgiskjal greinargerðarinnar er skráning fornleifa á skipulagssvæðinu sem unnin var af Hákonni Jenssyni hjá Búnaðarsambandi Eyjafjarðar í júní 2021.

4 Umhverfisskýrsla – áhrifamat

Framkvæmd skipulagsins mun ekki hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og fellur ekki undir ákvæði laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Deiliskipulagið fellur því ekki undir ákvæði laga nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

Áhrif verða metin sem:

jákvæð (+)	neikvæð (-)	óveruleg (0)	óviss/á ekki við (?)
------------	-------------	--------------	----------------------

Umhverfisþættir	Áhrif á skipulagssvæðið og aðliggjandi svæði	
Yfirbragð og aðgengi um svæðið	+	Á svæðinu er gert ráð fyrir starfsemi ferðaþjónustu og hafnsækinnar starfsemi m.a. Lögð er áhersla á að aðgengi sé gott og öruggt fyrir alla þá starfsemi sem á svæðinu verður.
Svipmót byggðar	+	Nýjar lóðir munu þetta þá byggð sem fyrir er á svæðinu og verður gert ráð fyrir byggingum sem falla vel að þeirri byggð sem fyrir er.
Lýðheilsa	+	Gert er ráð fyrir stígakerfi fyrir gangandi vegfarendur meðfram höfninni með því markmiði að gera svæðið aðgengilegra fyrir íbúa og ferðamenn.
Mengun	?	Ekki er gert ráð fyrir að nýtt skipulag muni hafa mengandi áhrif á aðliggjandi svæði eða byggð.

Niðurstaða: Áhrif ofantalda umhverfisþátta eru talin hafa jákvæð áhrif á skipulagssvæðið og aðliggjandi svæði.

5 KYNNING OG SAMÞYKKT

5.1 KYNNING OG AFGREIÐSLA

5.1.1 Verkefnislýsing

Lýsing skipulagsverkefnisins var unnin sbr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og auglýst á heimasíðu sveitarfélagsins og í Tunnunni í apríl 2021. Leitað var umsagnar um lýsinguna hjá Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum. Fjórar umsagnir bárust á kynningartímanum frá Skipulagsstofnun, Minjastofnun Íslands, Vegagerðinni og Umhverfisstofnun. Minjastofnun benti á að uppfæra þyrfti fornleifaskráningu á skipulagssvæðinu í samræmi við nýja staðla og gera grein fyrir þeim mannvirkjum sem fyrir eru á svæðinu. Þessu var bætt við greinargerð fyrir auglýsingu á skipulagstillögu.

5.1.2 Kynningarfundir

Drög að deiliskipulagi voru kynnt með opnu húsi í Ráðhúsi Fjallabyggðar og á Ólafsvegi 4, Ólafsfirði, þann 27. maí 2021.

5.1.3 Umsagnaraðilar

Eftirtöldum umsagnaraðilum var send tillagan til umsagnar:

- Rarik
- Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra
- Skipulagsstofnun
- Norðurorka
- Minjastofnun Íslands
- Vegagerðin

5.1.4 Auglýsing, athugasemdir og afgreiðsla

Hafnarstjórn og skipulags- og umhverfisnefnd lögðu til á fundum sínum þann 30. júní 2021 og 1. júlí 2021 að skipulagstillagan yrði auglýst skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

5.1.5 Breytingar eftir auglýsingu

5.2 Gildistaka

Deiliskipulag þetta var auglýst skv. 41. Gr. Skipulagslaga nr. 123/2010 frá ____ til ____ 2021.

Deiliskipulagið var samþykkt í skipulags- og umhverfisnefnd þann _____,

í hafnarstjórn þann _____

og í bæjarstjórn þann _____

Bæjarstjóri

Hákon Jensson

Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á athafna- og hafnarsvæðis Ólafsfjarðar.



Búnaðarsamband Eyjafjarðar

Rannsóknarskýrslur 2021/4



Forsíðumynd: Hafnarsvæðið á Ólafsfirði, mynd tekinn í norð-austur.



©Hákon Jensson
Búnaðarsamband Eyjafjarðar,
Akureyri 2021/4

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR.....	1
TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGAR.....	1
AÐFERÐIR.....	4
FORNLEIFASKRÁ.....	5
SAMANTEKT.....	14
HEIMILDASKRÁ.....	15

1. Inngangur

Skýrsluhöfundur var beðinn að annast fornleifaskráningu á deiliskipulagi á athafna- og hafnarsvæði í Ólafsfirði. Skipulagssvæðið er um 11 ha og nær yfir Ólafsfjarðarhöfn og athafnasvæði henni tengdri. Í norður afmarkast það af bryggjukanti og varnargörðum, til austurs af Námuvegi. Í suður af Strandgötu og Ægisgötu og í vestur af Vesturstíg.

Markmiðið með deiliskipulaginu er að stofna lóðir undir athafnasvæði á hafnarsvæðinu.

Í því eru ákvæði varðandi lóðir, lóðanotkun, byggingarreiti, byggðamynstur, form og útlit mannvirkja eftir því sem þurfa þykir með tilliti til byggingar- og framkvæmdaleyfa á svæðinu.¹

Áætlað er að 54 lóðir verði á skipulagssvæðinu og þar af 12 nýjar lóðir undir nýbyggingar og fjórar lóðir undir gáma.² Deiliskipulagið er unnið af þeim Írisi Stefánsdóttir og Helgu Írisi Ingólfssdóttir, skipulags- og tæknifulltrúum hjá Fjallabyggð.³

Vettvangsathugun fór fram í seinni hluta í júní 2021. Skýrsluhöfundur vill þakka heimildarmanni fyrir góðar upplýsingar um svæðið.

Verkefnisnúmer Minjastofnunnar Íslands: 2688.

2. Tilgangur fornleifaskráningar

Megin markmið fornleifaskráningar er að tryggja varðveislu menningararfsins ásamt því að gera bæði sveitarfélögum og Minjastofnun kleift að móta stefnu í minjavörslu.⁴ Til þess að fyrirbyggja að minjar verði fyrir skemmdum við framkvæmdir þá voru sett lög ákvæði að skráning á menningarminjum eigi sér stað áður en gengið sé frá deiliskipulagi eða aðalskipulagi. Jafnframt að sá kostnaður sem hlýst af við skráninguna skuli leggjast á þann sem sem beri ábyrgð á skipulagsgerðinni í samræmi við skipulagslögin.⁵

Í lögum um menningarminjar frá árinu 2012 í I. kafla, 3. grein er ítarleg upptalning á menningarminjum en samkvæmt þeim eru: „Fornminjar samkvæmt lögum þessum eru annars vegar forngrípir og hins vegar fornleifar.

Forngrípir eru lausamunir 100 ára og eldri sem menn hafa notað eða mannaverk eru á og fundist hafa í eða á jörðu eða jökli, í vatni eða sjó. Skip og bátar frá því fyrir 1950 teljast til forngrípa. Til forngrípa teljast einnig leifar af líkömum manna og hræjum dýra sem finnast í fornleifum, svo sem fornum haugum, dysjum og leiðum.

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

¹ Deiliskipulag athafna- og hafnarsvæðis í Ólafsfirði, bls. 3.

² Deiliskipulag athafna- og hafnarsvæðis í Ólafsfirði, bls. 4.

³ Deiliskipulag athafna- og hafnarsvæðis í Ólafsfirði, bls. 5.

⁴ Heimisíða Minjastofnunnar.

⁵ Heimisíða Minjastofnunnar.

- a. búsetulandslag, skróðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.
- j. Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.”⁶

Varðandi verndun á fornleifum þá er því lýst nokkuð ítarlega í VI. Kafla, 21. grein að: „Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Eigendur og ábúendur jarða skulu hlúa að fornleifum á landareignum sínum og viðhalda umhverfi þeirra eftir því sem sanngjarnt getur talist. Minjastofnun Íslands er skylt að veita ráðgjöf og leiðbeiningar í því sambandi.”⁷

Þar sem fornleifar eru til staðar þá er ágætt að skoða svo VI. kafla, 22 grein í þjóðminjalögunum en þar er skýrt tekið fram að: „Fornleifum sem eru friðlýstar skal fylgja 100 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra og umhverfis nema kveðið sé á um annað. Hvers konar röskun, byggingarframkvæmdir eða aðrar framkvæmdir á friðhelguðu svæði umhverfis friðlýstar fornleifar eru óheimilar án leyfis Minjastofnunar Íslands. Friðhelgað svæði umhverfis aðrar fornleifar, sem ekki eru friðlýstar en njóta friðunar, skal vera 15 metrar nema annað sé ákveðið.”⁸

Þrátt fyrir að í fornleifaskráningunni finnst engar fornleifar þá er þó mikilvægt að hafa í huga VI. kafla, grein 24 í þjóðminjalögunum að: „Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn.

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo

⁶ Heimasíða Alþingis.

⁷ Heimasíða Alþingis.

⁸ Heimasíða Alþingis.

fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.”⁹

Í lögnum um menningarminjar er líka fjallað um verndun og varðveislu húsa og mannvirkja en í VII. kafla 29, 30 og 31. grein er fjallað ítalega í hverju það felst:

„29. gr. Friðuð mannvirki.

Öll hús og mannvirki sem eru 100 ára eða eldri eru friðuð.

Óheimilt er að raska friðuðum húsum og mannvirkjum, spilla þeim eða breyta, rífa þau eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Minjastofnun Íslands er heimilt að afnema friðun sem byggist á aldursákvæðum þessarar greinar.

30. gr. Verndun annarra húsa og mannvirkja.

Eigendum húsa og mannvirkja sem ekki njóta friðunar en byggð voru 1925 eða fyrr, svo og forráðamönnum kirkna sem reistar voru 1940 eða fyrr, er skylt að leita álits hjá Minjastofnun Íslands með minnst sex vikna fyrirvara ef þeir hyggjast breyta þeim, flytja þau eða rífa.

Minjastofnun Íslands skal innan fjögurra vikna frá því að erindi berst tilkynna viðkomandi aðilum um álit sitt. Stofnuninni er heimilt að leggja til skilyrði um slíkar framkvæmdir eða gera tillögu um friðlýsingu umrædds húss eða mannvirkis.

Byggingarfulltrúum ber að fylgjast með því að eigendur húsa og mannvirkja, svo og forráðamenn kirkna, sem fjallað er um í þessari grein leiti eftir áliti Minjastofnunar Íslands áður en leyfi er veitt til framkvæmda.

Álit Minjastofnunar Íslands skal liggja fyrir áður en byggingarleyfi er veitt til framkvæmda sem fjallað er um í þessari grein. Í byggingarleyfi skal taka tillit til skilyrða sem Minjastofnun leggur til í áliti sínu. Sama á við um útgáfu framkvæmdaleyfis samkvæmt skipulagslögum.

31. gr. Friðlýst hús og mannvirki.

Óheimilt er að gera nokkrar breytingar á friðlýstu húsi eða mannvirki án vitundar Minjastofnunar Íslands. Við endurbætur og viðhald friðlýstra húsa og mannvirkja skal leita álits og ef til þarf leyfis Minjastofnunar Íslands með minnst sex vikna fyrirvara.

Vilji eigandi friðlýstrar eignar ráðast í framkvæmd sem leyfi þarf til skal hann í umsókn sinni til Minjastofnunar Íslands lýsa fyrirhuguðum framkvæmdum og láta uppdrátt fylgja. Stofnunin skal svo fljótt sem við verður komið og í síðasta lagi innan fjögurra vikna frá því að umsókn berst gera eiganda grein fyrir afstöðu sinni. Setji stofnunin það skilyrði fyrir samþykki sínu að verk sé framkvæmt á tiltekinn annan hátt en tilgreindur er í umsókn er eiganda skylt að hlíta því. Sæki eigandi um styrk úr húsafriðunarsjóði vegna aukakostnaðar sem hlýst af tilmælum stofnunarinnar skal hann njóta forgangs eftir því sem skyldur sjóðsins og fjárreiður leyfa.

Kostnaður sem hlýst af skilyrðum sem Minjastofnun Íslands setur, sbr. 2. mgr., greiðist úr húsafriðunarsjóði.

Leyfi stofnunarinnar þarf til að setja skilti eða aðrar áletranir á friðlýst hús eða mannvirki.

Brot á ákvæðum greinarinnar sæta viðurlögum skv. 177. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.¹⁰

⁹ Heimasíða Alþingis.

¹⁰ Heimasíða Alþingis.

Frá árinu 2013 hefur Minjastofnun verið með staðlaða skráningu fyrir fornleifar. Tilgangurinn með því var sá að samræma gögn og hafa ákveðna kröfu um lágmarksgæði skráningar. Þar af leiðandi ættu framkvæmdaaðilar og skráningaraðilar að hafa nokkuð góðar upplýsingar um kröfur Minjastofnunar til fornleifaskráningar til þess að hún geti tekið byggt sínar stjórnsluákvarðanir á.¹¹

3. Aðferðir

Við skráningu fornleifa á staðnum var notast við skráningarstaðla Minjastofnunar Íslands. Við undirbúningsvinnu og úrvinnslu var notast við ýmis konar heimildir og gögn, til dæmis loftmyndir frá Loftmyndum ehf. frá 2000 til 2019 á map.is, örnefnaskrár, örnefnasafn landmælinga, niðurbalsgögn frá Landmælingum Íslands. Einnig var til fornleifaskráning af Ólafsfirði frá 2006 sem gerð var af Fornleifastofnun Íslands. Það var þó krafa um uppfærslu á þeirri skráningu þar sem hún var kominn til ára sinna og líklega að einhverjar fleiri minjar hafi bæst við síðan þá.

Bækurnar Hundrað ár í Horninu eftir Friðrik G. Olgeirsson voru einnig mikilvægar heimildir í skráningunni þar sem þær innihalda mikið af upplýsingum um Ólafsfjörð og þau mannvirki sem hafa staðið þar. Í þeim er líka kort af staðnum sem sýnir mannvirki staðarins á mismunandi árum. Notast var við kort frá 1901/1905/1910 og 1920 til þess að sjá hvaða mannvirki voru innan eða nærri skipulagsmörkunum.

Samkvæmt þjóðminjalögum eru hús 100 ára og eldri friðuð og þarf að gera Minjastofnun grein fyrir ef einhverjar breytingar eiga sér stað á húsum byggðum 1925 eða fyrr. Það voru engin hús innan skipulagssvæðisins sem falla undir þessi lög, það voru þó nokkur sem voru nærri svæðinu sem gera það. Ekki var gerð nein sérstök grein fyrir þessum húsum í þessari skýrslu þar sem gerð verður sérstök húsakönnun á svæðinu sem ættu að innihalda þær upplýsingar.

Haft var samband við heimildarmann á Ólafsfirði ásamt því að fara um svæðið til þess að sjá hvort einhverjar menningarminjar væru innan þess.

Kortavinna var svo unnin í Microstation v8i með loftmynd undir frá Loftmynd ehf frá 2019. Reynt var eftir bestu getu að staðsetja þær minjar sem heimildir bentu til að hefðu verið á staðnum.

Þrátt fyrir að hafi verið gengið skipulega til verksins þá verður að hafa það í huga að óþekktar fornleifar geta alltaf komið í ljós og verður þá að taka tillit til þess í framkvæmdunum.

¹¹ Heimasíða Minjastofnunnar.

4. Fornleifaskrá

Kaupstaðurinn Ólafsfjörður er byggður úr ystu jörðunum að austan Brimnesi og Hornbrekku. Heimræði var frá báðum jörðunum og þaðan höfðu ýmsir Ólafsfjarðarbændur útræði og fór að myndast þorp þar á síðustu tugum 19. aldar.¹² Árið 1905 varð staðurinn löggildur verslunarstaður og árið 1944 fékk hann kaupstaðaréttindi.¹³

Afmarkað skipulagssvæði er bæði innan jarðanna Brimnes og Hornbrekku. Ekki er gerð frekar grein fyrir sögu þeirra jarða þar sem það hefur þegar verið gert í fornleifaskráningunni frá 2006.

Fornleifanúmer: 2688-01

Hnit: A516034,6 N619747,5 ISN93

Sérheiti: Pálshús

Hlutverk: Íbúðarhús

Tegund: Heimild

Í Hundrað árum í Horninu segir: „Eigandi 1918 er Páll Bergsson í Hrísey...Pálshús er úr timbri með járn- og pappapaki. Járnklæðning er á norðurhlið og austurgafli. Húsið er 20 X 10 m að stærð. Undir því eru tveir kjallarar, 4 X 4 og 5 X 6 m.”¹⁴ Samkvæmt kortum frá 1901/1905 og 1910 hefur Pálshús verið staðsett á Strandgötu 4 en þar er nú hús byggt árið 1912 samkvæmt þjóðskrá.¹⁵

Fornleifanúmer: 2688-02

Hnit: A516191,7 N619878,5 ISN93

Sérheiti: Fiskhús Páls Bergssonar

Hlutverk: Sjóskúr

Tegund: Heimild

Húsið hefur verið staðsett samkvæmt kortum frá 1901/1905 og 1910 þar sem núna er bílaplan á Aðalgötu 2.

Fornleifanúmer: 2688-03

Hnit: A516034,6 N619747,5 ISN93

Sérheiti: Salthús G. Eftirfølgerverslunar

Hlutverk: Salthús/geymsluskúrar

Tegund: Heimild

Í Hundrað árum í Horninu segir: „Verslun Gudmans Eftirfølger varð sér úti um lóð sunnan við sjávarlóð Höepfnars, á þeim slóðum þar sem vegurinn upp frá gömlu bryggjunni liggur nú í dag. Á henni reisti fyrirtækið salthús og minni geymsluskúra.”¹⁶ Húsið hefur verið staðsett samkvæmt kortum frá 1901/1905 og 1910 við Múlaveg 3A þar sem hraðfrystihúsið stendur í dag.

Fornleifanúmer: 2688-04

Hnit: A516150,3 N619834,1 ISN93

Sérheiti: Sæból

Hlutverk: Íbúðarhús

Tegund: Heimild

Í Hundrað árum í Horninu segir: „Húsráðendur eru Ingimar Bergsson og Margrét Pálsdóttir. Fimm börn þeirra eru á heimilinu. Húsið er út torfi og timbri, 5,65 X 3,46 m, með járnþaki. Það

¹² Ármann, Eggert og Sveinn, MCMLXXIII, bls. 127.

¹³ Guðmundur, Jóhannes og Kristján, 1993, bls. 68.

¹⁴ Friðrik G. Olgeirsson, 1984, bls.121.

¹⁵ Vefuppfletti fasteignarskrár.

¹⁶ Friðrik G. Olgeirsson, 1984, bls.68.

hús sem nú stendur var reist 1926 úr steynsteypu.”¹⁷ Húsið hefur samkvæmt kortum frá 1901/1905/1910 og 1920 verið staðsett við Múlaveg 1/1A. Samkvæmt þjóðskrá er húsið sem stendur þar nú reist 1930.¹⁸

Fornleifanúmer: 2688-05

Hnit: A516281.7 N619976.2 ISN93

Sérheiti: Höepfnershús

Hlutverk: Pakkhús

Tegund: Heimild

Í Hundrað árum í Horninu segir: „, Eigandi 1918 er C. Höepfners verslun á Akureyri. Timburskúr með pappapaki, 17,56 X 5,65 m að stærð. Annar timburskúr með járnþaki, 12,56 X 3,75 m.”¹⁹

Samkvæmt kortum frá 1901/1905/1910 og 1920 hefur það verið þar sem er núna bílaplan austan við Múlaveg 7.

Fornleifanúmer: 2688-06

Hnit: A516294.3 N619980.5 ISN93

Sérheiti: Höepfnershús

Hlutverk: Pakkhús

Tegund: Heimild

Í Hundrað árum í hornin segir. „Höepfner byrjaði á því að fá tvær lóðir, sjávarlóð úr landi Brimness og aðra minni úr landi Hornbrekku. Sjávarlóðin var ætluð fyrir húsbyggingar, uppsátur og fiskverkun. Árið 1892 lét hann síðan byggja þrjú timburhús. Tvö þeirra pakkhúsin, voru ætluð til saltfiskverkunar og til geymslu vista og veiðarfæra.“ Var hið stærra hús 17,56 X 5,65 m en það minna var 12,56 X 3,75 m. Járnklæðning var á þaki minna hússins en pappi á því stærra. Þessum húsum fylgdi svo sjávarlóðin, 114 metrar á lengd en 38 m á breidd.“²⁰ Samkvæmt kortum frá 1901/1905/1910 og 1920 hefur það verið þar sem er núna er bílaplan austan við Múlaveg 7.

Fornleifanúmer: 2688-07

Hnit: A516056,6 N619743,8 ISN93

Nafn: Þorsteinshús/Gunnlaugshús/Jóhannshús/Svartiskóli

Hlutverk: Íbúðarhús

Tegund: Heimild

Í Hundrað árum í Horninu segir: Árið eftir, 1904 voru byggð tvö ný hús. Norðmannhús og Þorsteinshús sem síðar var oftast kallað Svarti skóli... Á lóðinni austan við Pálshús var reist stórt timburhús með að minnsta kosti fjórum íbúðum og var það oftast kallað Svarti Skóli eða Þorsteinshús, eins og áður sagði. Í manntölum er aftur á móti hver íbúð tíunduð sérstaklega og þá fjögur mismunandi nöfn notuð, oftast eftir heimilisföður... Svarti skóli var rifinn um miðja öldina og stuttu síðar byggt á lóðinni hús Pósts og síma.”²¹

Samkvæmt kortum frá 1905/1910 og 1920 var húsið staðsett við Strandgötu 2.

Fornleifanúmer: 2688-08

Hnit: A516165,3 N619848 ISN93

Nafn: Norðmannshús / Normandi

Hlutverk: Íbúðarhús

¹⁷ Friðrik G. Olgeirsson, 1984, bls.119.

¹⁸Vefuppfletti fasteignarskrár.

¹⁹ Friðrik G. Olgeirsson, 1984, bls.119.

²⁰ Friðrik G. Olgeirsson, 1984, bls.68.

²¹ Friðrik G. Olgeirsson, 1984, bls.80.

Tegund: Heimild

Í Hundrað árum í horninu segir: „Árið eftir, 1904 voru byggð tvö ný hús. Norðmannhús og Þorsteinshús sem síðar var oftast kallað Svarti skóli. Norðmannhús eða Normandí eins og mjög snemma var farið að kalla húsið, byggðu Helgi Hafliðason og Kristín Eiríksdóttir og var það úr torfi og timbri. Húsið var endurbyggt árið 1925.”²²

Samkvæmt kortum frá 1905/1910 og 1920 var húsið þar sem hraðfrystihús er núna við Múlaveg 3A.

Fornleifanúmer: 2688-09

Hnit: A516259,3 N619967,2ISN93

Nafn: Pakkhús Páls Bergssonar

Hlutverk: Pakkhús

Tegund: Heimild

Samkvæmt kortum frá 1905/1910 og 1920 var húsið staðsett þar sem nú er bílaplan sunnan við Múlaveg 2 og norðan við Múlaveg 7.

Fornleifanúmer: 2688-10

Hnit: A516234.7 N619936.1 ISN93

Nafn: Ystabúð, gamla Þorlákshúsið, Tjarnarkot.

Hlutverk: Íbúðarhús

Tegund: Heimild

Í Byggðum Eyjafjarðar II bindi er getið þriggja afbýla á jörðinni frá fyrri tíð og hét eitt þeirra Tjarnarkot.²³ Í hundrað árum í horninu segir að árið 1889 hafi maður að nafni Sigurður Sveinsson byggt sér torfbæ sem hét Tjarnarkot.²⁴ Í gjörðarbókum hreppsins kemur Tjarnarkot ekki fyrir en minnst er á Ystabæ en hér er um að ræða sama torfbæinn.²⁵ Einnig nefnd Þorlákshúsið og Tjörn.²⁶

Í Hundrað árum í Horninu segir: „Bærinn er sagður íveruhús með torfveggjum en timburstafni og timburhlið. Þakið er járnklætt. Stærðin er 5 X 3,75 m. Eftirtektarvert er að hlið er úr tré og hún er 3,75 m. Er það sama mál og á styttri hliðum Sjálands og styrkir það sem áður var sagt um þessar byggingar að þær væru samfastar. Eigninni tilheyrir timburskúr með pappþaki, 3,75 X 3,14 m.”²⁷ Samkvæmt kortum frá 1905/1910 og 1920 var það staðsett þar sem núna liggur gata niður á höfn á milli Múlavegs 7 og Múlavegs 3B. Í bókinni Hundrað ár í Horninu er byggingin sögð hafa verið þar sem hraðfrystihúsið stendur við Múlaveg 3B.²⁸ Samkvæmt kortunum í bókinni var byggingin aðeins norðar og var miðað við þá staðsetningu þar sem flestar aðrar byggingar í skýrslunni voru staðsettar út frá kortunum í bókinni.

Fornleifanúmer: 2688-11

Hnit: A516007.6 N619754.2ISN93

Nafn: Sandgerði

Hlutverk: Íbúðarhús

Tegund: Heimild

²² Friðrik G. Olgeirsson, 1984, bls.80.

²³ Guðmundur, Jóhannes og Kristján, 1993, bls. 108.

²⁴ Friðrik G. Olgeirsson, 1984, bls.67.

²⁵ Friðrik G. Olgeirsson, 1984, bls.73.

²⁶ Ágústa et al. 2006, bls. 196.

²⁷ Friðrik G. Olgeirsson, 1984, bls.119.

²⁸ Friðrik G. Olgeirsson, 1984, bls.67.

Í Hundrað árum í Horninu segir: „Húsið er timburhús með járnpaki og járnklæddum stafni. Stærð þess er 6,3 X 5,65 m með jafnstórum kjallara. Húsið var endurbyggt 1935 og stækkað.”²⁹ Samkvæmt kortum frá 1910 og 1920 er það þar sem núna er Strandgata 6 og samvæmt þjóðskrá var það hús byggt 1937.³⁰

Fornleifanúmer: 2688-12

Hnit: A516212.1 N619924.6 ISN93

Nafn: Salthús Snorra Jónssonar / Rakelarhús / Björnshús

Hlutverk: Salthús/íbúðarhús

Tegund: Heimild

Í Hundrað árum í Horninu segir: „Snorri Jónsson byrjaði að kaupa fisk af Ólafsfirðingum árið 1902. Ári síðar byggði hann salthús á staðnum og umsvifin urðu meiri. Húsið stóð í fjörukambinum, framan við þann stað þar sem Hraðfrystihús Ólafsfjarðar er nú í dag og var því síðar breytt í íbúðarhús.”³¹ Síðar í bókinn er aftur fjallað um húsið og segir svo: „Eigandi og húsráðandi er Rakel Jónsdóttir en Björn Þorsteinsson maður hennar er nýlega dáinn er manntalið 1920 er tekið... Hús ekkjunnar er byggt úr timbri og er með pappklætt þak. Það er 6,3 X 4,4 m að stærð og undir því er 3,14 X 3,14 m kjallari... Eigninni tilheyrir skúr niður við sjó sem er 5 X 2,5 m.”³² Samkvæmt kortum frá 1910 og 1920 var það þar sem fiskimjölsverksmiðja stendur á Múlavegi 3B.

Fornleifanúmer: 2688-13

Hnit: A516217.4 N619934.7 ISN93

Nafn: Sigurðarhús

Hlutverk: Íbúðarhús

Tegund: Heimild

Í Hundrað árum í horninu segir: „Eigandi og húsráðandi er Sigurður Pálsson... Sigurðarhús er timburhús klætt pappa og bárujárni, 5 X 3,75 m að stærð. Þakið er klætt bárujárni. Húsið er með áfösturm skúr, 3,14 X 2,2 m og kjallari undir honum sem er 3,14 X 3,14 m. Ennfremur er þarna tímurskúr með járnpaki 2,5 X 3,14 m.”³³ Samkvæmt kortum frá 1910 og 1920 var það staðsett á milli Múlavegar 3B og Námuvegar 2.

Fornleifanúmer: 2688-14

Hnit: A516078.4 N619760 ISN93

Nafn: Höfn / Guðmundarhús

Hlutverk: Íbúðarhús

Tegund: Heimild

Í Hundrað árum í horninu segir: „Eigandi 1918 er Páll Bergsson í Hrísey. Því er svo lýst í fasteignamati 1918 að þetta sé gamalt steinhús með járnpaki, 6,3 X 3,76 m að stærð.”³⁴ Samkvæmt korti frá 1920 var það staðsett þar sem verslunarhúsnæði er við Aðalgötu 2.

Fornleifanúmer: 2688-15

Hnit: A516239.4 N619933.6 ISN93

Nafn: Ystibær (Daníelsbær).

Hlutverk: Íbúðarhús

²⁹ Friðrik G. Olgeirsson, 1984, bls.121.

³⁰ Vefuppfletti fasteignarskrár.

³¹ Friðrik G. Olgeirsson, 1984, bls.80.

³² Friðrik G. Olgeirsson, 1984, bls.117.

³³ Friðrik G. Olgeirsson, 1984, bls.117.

³⁴ Friðrik G. Olgeirsson, 1984, bls.124.

Tegund: Heimild

Í Hundrað árum í horninu segir:., 1920 eru þarna húsráðendur hjónin Daníel Jóhannsson og Helga Jónsdóttir. Hvort þau eiga búðina er ekki ljóst. Með þeim er eitt barn þeirra. Af því sem sagt var um Ystubúð má ljóst vera að Daníelsbær hlýtur að hafa verið hliðarangi út úr henni. – ekki tengst í stafn (stutthlið) hennar.”³⁵ Í fasteignamatinu frá 1918 er sagt að hún sé íveruhús úr torfi og timbri með pappabaki, grunnstærð ókunn. Líklega hefur hún verið orðinn svo óregluleg að ekki hafi verið hægt að mæla hana.³⁶ Samkvæmt korti frá 1920 var það staðsett á milli Múlavegs 7 og Múlavegs 3B.

Fornleifanúmer: 2688-16

Hnit: A516229.8 N619939.3 ISN93

Nafn: Sjáland

Hlutverk: Íbúðarhús

Tegund: Heimild

Í Hundrað árum í horninu segir:., Húsið er 6,9 X 3,75 m timburhús með járnþaki.”³⁷

Samkvæmt korti frá 1920 var það staðsett þar sem nú er gata sem liggur niður á bryggju á milli Námuvegar 2 og Múlavegar 3B.

Fornleifanúmer: 2688-17

Hnit: A515825.3 N619793.5 ISN93

Nafn:

Hlutverk:

Tegund: Heimild

Í Hundrað árum í horninu segir:., „1897 byggðu Ólafsfirðingar sér íshús og var því valinn staður norðaustan við Sandhól. Húsið var fyrsta steinhús staðarins og verður nánar rætt um það síðar.“³⁸Norðaustur af Sandhól er nú verkstæði og bílaplan.³⁹

Fornleifanúmer: 2688-18

Hnit: A515947.8 N619735.5 ISN93

Nafn: Guðmundarhús

Hlutverk: Íbúðarhús

Tegund: Heimild

Í Hundrað árum í horninu er minnst á Guðmundarhús, sem Guðmundur Ólafsson byggði á árunum 1904-1906.⁴⁰ Samkvæmt kortum frá 1910 og 1920 var húsið staðsett við Strandgötu 11 þar sem nú er auð lóð notuð sem bílastæði, austan við kirkjuna. Á loftmyndum frá 2007 sést hús á lóðinni en á loftmyndum frá 2011 er það horfið.

Fornleifanúmer: 2688-19

Hnit: A516075.1 N619872.1 ISN93

Sérheiti: Gamla bryggja

Hlutverk: Bryggja

Tegund: Heimild

Í Hundrað árum í Horninu segir. „Verslun Gudmans Efterfølger varð sér úti um lóð sunnan við sjávarlóð Höepfnars, á þeim slóðum þar sem vegurinn upp frá gömlu bryggjunni liggur nú í dag.

³⁵ Friðrik G. Olgeirsson, 1984, bls.118.

³⁶ Friðrik G. Olgeirsson, 1984, bls.118.

³⁷ Friðrik G. Olgeirsson, 1984, bls.118.

³⁸Friðrik G. Olgeirsson, 1984, bls.68.

³⁹ Ágústa et al. 2006, bls. 198.

⁴⁰ Friðrik G. Olgeirsson, 1984, bls.100-101.

Á henni reisti fyrirtækið salthús og minni geymsluskúra.⁴¹ Á kortunum úr Hundrað árum í horninu er teiknuð flekabryggja sem liggur í norð-austur. Hún hefur verið beint vestur af hraðfrystihúsinu við Múlaveg 3A.

Fornleifanúmer: 2688-20

Hnit: A516323.0 N620164.3 ISN93

Sérheiti: Mýrarlón

Hlutverk: Býli

Tegund: Heimild

Í jarðarbók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir: „Mýrarlón, forn þurrabúð, í eyði næstu 50 ár, en bygðist þar fyrir lítinn tíma einni fátækri konu, sem var fanggætsla sjófólksins og lifði mest á því sem það gaf henni. Búðarleigan atla menn engin hafi verið á þessa konu skilin. Búðina má aftur bygga með sama hætti.”⁴² Það er einnig minnst á í örnefnalýsingu að býli hafi verið í Brimnes landi sem hét Mýrarlón og hafi líklega verið þar sem hafnargarðurinn var þá.⁴³

Fornleifanúmer: 2688-21

Hnit: A516120.9 N619849.0 ISN93

Hlutverk: Verbúðir

Tegund: Heimild

Í Hundrað árum í horninu segir: „Á seinni hluta 19. Aldar áttu flestir helstu útvegsbændur í Ólafsfirði verbúðir niður í Horni. Nyrsta búðin stóð þar sem nú er norður-hafnargarðurinn og voru þær flestar á landamerkjum Brimnes og Hornbrekku. Venjan var sú að hver útvegsbóndi setti sinn bát í fjörunni niður undan sjóbúð sinni. Á landspildunum milli sjóbúðanna stóðu fiskihjallar og hákarlshjallar... Verbúðirnar voru ömurlegar vistaverur. Þær voru hlaðnar úr torfi og grjóti og var venjuleg stærð þeirra við Eyjafjörð um þetta leyti 8-9 álnir á lengd og 4-5 álnir á breidd.”⁴⁴ Á kortunum úr frá 1901/1905/1910 eru sjö verbúðir teiknaðar og í flestum tilfellum voru fiskihjallar við hliðina á þeim. Byggingin hefur verið staðsett um 26 m suðvestur af frystihúsinu, þar er nú steipt plan.

Fornleifanúmer: 2688-22

Hnit: A516158.0 N619863.8 ISN93

Hlutverk: Verbúðir

Tegund: Heimild

Samvæmt kortum úr Hundrað ár í Horninu 1901,1905 og 1910 hefur byggingin verið í suðurenda Múlavegar 3A þar sem frystihúsið stendur í dag.

Fornleifanúmer: 2688-23

Hnit: A516210.4 N619932.0 ISN93

Hlutverk: Verbúðir

Tegund: Heimild

Samvæmt kortum úr Hundrað ár í Horninu 1901,1905 og 1910 hefur byggingin verið staðsett nyrst á lóð 3B þar sem nú stendur fiskimjölsverksmiðja.

Fornleifanúmer: 2688-24

Hnit: A516205.4 N619967.4 ISN93

Hlutverk: Verbúðir

Tegund: Heimild

⁴¹ Friðrik G. Olgeirsson, 1984, bls.68.

⁴² Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín 10 bindi, bls. 39.

⁴³ Ágústa et al. 2006, bls. 203.

⁴⁴ Friðrik G. Olgeirsson, 1984, bls.61.

Samvæmt kortum úr Hundrað ár í Horninu 1901,1905 og 1910 þá hefur byggingin verið um 10 m vestan við suðurenda lóðarinnar við Námuveg 2.

Fornleifanúmer: 2688-25

Hnit: A516217.5 N619981.9 ISN93

Hlutverk: Verbúðir

Tegund: Heimild

Samvæmt kortum úr Hundrað ár í Horninu 1901 og 1905 þá hefur byggingin verið um 8 m vestan við miðhluta lóðarinnar við Námuveg 2.

Fornleifanúmer: 2688-26

Hnit: A516230.6 N620013.6 ISN93

Hlutverk: Verbúðir

Tegund: Heimild

Samvæmt kortum úr Hundrað ár í Horninu 1901 og 1905 þá hefur byggingin verið um 14 vestan við norðurenda lóðarinnar við Námuveg 2.

Fornleifanúmer: 2688-27

Hnit: A516194.2 N619892.9 ISN93

Hlutverk: Verbúðir

Tegund: Heimild

Samvæmt kortum úr Hundrað ár í Horninu 1905 og 1910 þá hefur byggingin verið á lóð 3B þar sem frystihúsið stendur í dag.

Fornleifanúmer: 2688-28

Hnit: A516087.7 N619770.8 ISN93

Hlutverk: Skúrar og sjóhús

Tegund: Heimild

Á kortinu frá 1920 í bókinni Hundrað árum í Horninu þá eru sex skúrar/sjóhús teiknuð.

Byggingin hefur verið staðsett þar sem er núna bílaplan við Aðalgötu 2.

Fornleifanúmer: 2688-29

Hnit: A516110.7 N619798.1 ISN93

Hlutverk: Skúrar og sjóhús

Tegund: Heimild

Samkvæmt kortinu frá 1920 í Hundrað árum í Horninu Þá hefur byggingin hefur verið staðsett í norður-austur hluta bílaplans við Aðalgötu 2.

Fornleifanúmer: 2688-30

Hnit: A516168.2 N619814.8 ISN93

Hlutverk: Skúrar og sjóhús

Tegund: Heimild

Samkvæmt kortinu frá árinu 1920 í bókinni Hundrað árum í Horninu þá hefur byggingin verið staðsett mitt á milli Múlavegar 6 og 8A eða um 14 m norð-austur af Múlavegi 6.

Fornleifanúmer: 2688-31

Hnit: A516179.0 N619827.1 ISN93

Hlutverk: Skúrar og sjóhús

Tegund: Heimild

Á kortinu frá 1920 í bókinni Hundrað árum í Horninu hefur byggingin verið staðsett mitt á milli Múlavegar 6 og 8A eða um 24 m suð-vestur af Múlavegi 8A.

Fornleifanúmer: 2688-32

Hnit: A516204.3 N619876.9 ISN93

Hlutverk: Skúrar og sjóhús

Tegund: Heimild

Á kortinu frá 1920 í bókinni Hundrað árum í Horninu var byggingin staðsett aðeins austan við fiskimjölsverksmiðjuna við Múlaveg 3B.

Fornleifanúmer: 2688-33

Hnit: A516215.4 N619880.6 ISN93


Hlutverk: Skúrar og sjóhús

Tegund: Heimild

Á kortinu frá 1920 í bókinni Hundrað árum í Horninu hefur byggingin verið staðsett austan við Múlaveg 3B.



● Heimildir um fornleifar

nafn: ÓLAFSFJÖRDUR	teikn. 09.6.2021 hj	Skýringar: Heimildir um menningarminjar innan deiliskipulags á athafna- og hafnarsvæðis Ólafsfjarðar.	 BÚNAÐARSAMBAND EYJAFJARÐAR Óseyri 2, 603 Akureyri, s: 460 4477, netf: bugardur@bugardur.is Unnið eftir mynd nr. f591/592 e501/502 /gps mæl frá Loftmyndir ehf. 2019
FJALLABYGGÐ	mællkv. 1:4000 í A4		

5. Samantekt

Kaupstaðurinn Ólafsfjörður verður til úr tveimur jörðum, Hornbrekku og Brimnesi og á tiltölulega stuttum tíma hafa urðu gríðarlegar breytingar á svæðinu. Þorpsmyndum verður á síðustu tugum 19. aldar vegna útgerðarinnar og mannvirkin sem voru byggð á þeim tíma fengu fljótlega að víkja fyrir nútímalegri byggingum. Þegar horft er á skipulagssvæðið á loftmynd eða gengið eftir því, er ekki hægt að sjá nein ummerki eftir eldri mannvirki.

Þrátt fyrir að engar sýnilegar minjar væru á vettvangi var mikið af rituðum heimildum um eldri mannvirki og var reynt að staðsetja þau út frá lýsingum og kortum. Það er þó mikilvægt að hafa í huga að þær staðsetningar eru ekki endilega mjög nákvæmar. Í bókunum Hundrað ár í Horninu er einnig tekið fram að skráning á staðsetningum og jafnvel fjölda mannvirkja geti falið í sér töluverða ónákvæmni hvað kortin varðar.

Það eru afar litlar líkur að einhverjar leifar séu af þessum eldri mannvirkjum miðað við allar þær framkvæmdir sem hafa átt sér stað á svæðinu og staðfesti heimildarmaður það.⁴⁵ Í fornleifaskráningarskýrslunni frá 2006 voru engin sýnileg mannvirki skráð innan þessa svæðis. Þrátt fyrir að einhverjar fleiri minjar hafi bæst við á þessum 15 árum sem eru skilgreindar sem fornleifar, virðist niðurstaðan vera sú sama. Allar minjarnar eru einungis heimildir.

Það er þó gott að hafa í huga að þarna hafi verið töluvert um mannvirki áður fyrr og eitthvað gæti komið í ljós við frekari uppbyggingu á svæðinu. Verður þá að tilkynna fundinn til Minjastofnunnar sem tekur ákvörðun um framhaldið.

Akureyri, 30. júní 2021.

Hákon Jensson

⁴⁵ Björn Þór Ólafsson, Munnleg heimild.

6. Heimildaskrá

Ágústa Edwald, Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Orri Vésteinsson, Sigríður Þorgeirsdóttir, Sædís Gunnarsdóttir og Uggi Ævarsson. (2006). Fornleifaskráning í Ólafsfirði. Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík.

Ármann Dalmannsson, Eggert Davíðsson og Sveinn Jónsson (ritnefnd). (MCMLXXIII). Byggðir Eyjafjarðar I. bindi. Akureyri. Búnaðarsamband Eyjafjarðar.

Árni Magnússon og Páll Vídalín. (1938). Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns.

Ólafsfjörður. tíunda. bindi. Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafjelag. [Reykjavík: Sögufélagið.Ljósprentuð útgáfa 1987.

Deiliskipulag athafna- og hafnarsvæðis í Ólafsfirði. -Drög-. Greinagerð og umhverfisskýrsla.3.5.2021. Fjallabyggð.

Friðrik G. Olgeirsson. (1984). Hundrað ár í Horninu. Saga Ólafsfjarðar 1883-1944 Þéttbýlismyndun, fiskveiðar og fiskvinnsla. Útgefandi Ólafsfjarðarkaupstaður.

Guðmundur Steindórsson, Jóhannes Sigvaldsson og Kristján Sigfússon (ritnefnd). (1993). Byggðir Eyjafjarðar 1990, fyrra bindi. Akureyri: Búnaðarsamband Eyjafjarðar.

Heimasíða Alþingis. Lög um menningarminjar. Sótt af <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>. Skoðað 13.06.2021.

Heimasíða Minjastofnunnar. Skráning fornleifa. Minjastofnun Íslands. (2013). Sótt af <http://www.minjastofnun.is/minjar/skraning-fornleifa/>. Skoðað 16.02.2019

Heimasíða Minjastofnunnar. Skráningarstaðlar fornleifa. Minjastofnun Íslands. (2013). Sótt af <http://www.minjastofnun.is/minjar/skraning-fornleifa/skraningarstadlar/>. Skoðað 16.02.2019

Heimasíða Þjóðskrá, vefuppfletti fasteignarskrár. Þjóðskrá. Sótt af <https://vefuppfletti.skra.is/leit>. Skoðað 20.06.2021.

Munnlegar heimildir:

Björn Þór Ólafsson,1941, Ólafsfirði.